

1862.

26. maím.

„að þeim kandiðötum, sem lokið hafa prófi við prestaskólann í Reykjavík, og notið hafa styrks úr almennum sjóði til menntaiðkana sinna við skóla þenna, verði gjört að skyldu að verða prestar á fátækum brauðum á Íslandi, sem enginn sækir um, er hæfilegur sé til að fá þau; en aptur á móti megi þeir eiga von á að koma öðrum fremur til greina til að fá betra brauð, eptir að þeir eru búnir að þjóna fátæku brauði hæfilega langan tíma; en færast þeir undan að þiggja slíkt brauð, borgi þeir tafarlaust aptur styrk þann, er þeir hafa fengið“.

Um leið og þetta skal kunngjört yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, í sambandi við bréf stjórnarráðsins dags. 9. f. m., skorar kirkju- og kennslu-stjórnin á yður að annast um, að efni ofangreinds konungsúrskurðar verði almenningi kunnugt, og að þegar ölmusunum við prestaskólann í Reykjavík er útbýtt, verði hlutaðeigendur með berum orðum minntir á, að þeir með því að þiggja styrk þenna gangist undir skyldu þá, sem um er rætt í ofangreindum úrskurði.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekupart á Grjót-nesi. 30. maím.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá í bræfi yðar, herra amtmaður, 18. febrúarm. þ. á. skýrslu um trjáreka fyrir Grjót-nes landi, sem Munkaþverárklostur á eptir Sigurðarregistri og eldri máldögum, skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða til, nú sem stendur, að selja trjáreka þenna fyrir verð það, sem hefir verið fyrir hann boðið; þar á móti biður stjórnarráðið yður um að sæta lagi til að fá rekann leigðan út, eða láta bjóða hann til leigu við opinbert uppboð.